

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 11. maí 2016
UST201604-128/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028. Endurskoðun.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028.


Stefnumörkun aðalskipulags


Í lýsingu er farið yfir þá þætti sem einkum verður horft til við endurskoðunina. Fram kemur að varðandi atvinnusvæði verður m.a. mótuð stefna um vindrafstöðvar og litlar vatnsaflsvirkjanir. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skorður verði settar á vindmyllur þannig að þær dreifist ekki of víða heldur verði fundinn hentugur staður þar sem hægt er að staðsetja einhvern fjölda án þess að neikvæð sjónræn áhrif og hávaðamengun verði umtalsverð.

Einnig bendir stofnunin á að sýna þarf aðgát þegar smávirkjanir eru annars vegar þar sem umhverfisáhrif geta orðið mikil miðað við ávinning. Einnig má benda á að með slíkum smávirkjunum er oft verið að teygja sig inn á svæði sem að öðru leyti eru laus við framkvæmdir og þannig geta skapast neikvæð sjónræn áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á ofangreind atriði, en gerir að öðru leyti ekki athugasemd við lýsinguna. Umhverfisstofnun telur að í ofangreindri lýsingu komi fram helstu áherslur, forsendur og upplýsingar um stefnu ásamt áætluðum efnistöfum í fyrirhuguðu skipulagsferli.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur